

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Húnavatnshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorpgjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald) sem innheimt skal með fasteignagjöldum.

Sorphirða fer fram samkvæmt dagatali sorphirðu ár hvert. Allar fjárhæðir skv. 3. gr. þessarar gjaldskrár taka breytingum 1. janúar ár hvert miðað við vísitölu byggingarkostnaðar að hálfu (50%), m.v. grunnvísitölu í október 2016 sem er 131,2 stig og að hálfu (50%), m.v. greiðslujöfnunarvísitölu launa sem er 164,5 stig í október 2016. Einnig er móttaka sorps á gámasvæðum.

2. gr.

Gjaldið miðast við stærð og tegund fláta og fjölda tæminga. Hverjum húsráðanda er skylt að nota það flát sem sveitarstjórn ákveður og hentar magni úrgangs sem til fellur á hverjum stað.

3. gr.

Á hverja íbúð, lögbýli og íbúðarhús greiðist sorphirðugjald sem ræðst af stærð fláta og staðsetningu:

<i>Almennur úrgangur:</i>	<i>240 l</i>	<i>660 l</i>
Sorpgjald	31.600 kr.	41.800 kr.
Hver aukalosun frá íbúðum, lögbýlum og íbúðarhúsum		kr. 4.100
Hvert auka flát fyrir almennan úrgang 240 l		kr. 4.600
Sumarhús, íbúð og íbúðarhús þar sem ekki er sorpflát:		
Sorpgjald:		kr. 10.200
Notendur þeirra geta losað sig við sorp á gámasvæðum sveitarfélagsins.		

Sorpgjald fyrirtækja:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu frá þeim.

<i>Sorphirðugjald:</i>	<i>kr.</i>
Flokkur 1.	48.000
Flokkur 2.	125.000
Flokkur 3.	149.000
Flokkur 4.	243.500
Flokkur 5.	455.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi þeirra.

4. gr.

Að lokinni álagningu skv. 3. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Húnavatnshrepps. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Sveitarstjórn er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Húnavatnshrepps 9. nóvember 2016, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra. Gjaldskráin er sett með heimild í 7. gr. samþykktar nr. 56/2008 um sorphirðu í Húnavatnshreppi. og skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og meng-

unarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 246/2016. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Húnavatnshreppi, 9. janúar 2017.

Einar Kristján Jónsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. janúar 2017